

Föstudaginn 30. janúar 1970.

Nr. 204/1969. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefásson saksóknari ríkisins)

gegn

Jóhanni Sveinssyni

(Páll Ásgeir Tryggvason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Sigmundur Böðvarsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Martin Tómasson og Sighvatur Bjarnason hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Fyrir héraðsdóm komu yfirmenn varðskipsins Óðins, Þröstur Sigtryggsson skipherra, Ólafur Valur Sigurðsson, 1. stýrimaður, Friðgeir Olgeirsson, 2. stýrimaður, og Hafþór Jónsson, 3. stýrimaður, báru vætti og unnu eið að framburðum sínum. Staðfestu þeir skýrslu skipherra, er greinir í hinum áfrýjaða dómi. Skipherra, 1. og 3. stýrimaður sögðu staði togarans rétt markaða á sjóuppdrátt, er lagður var fram í héraði, en 2. stýrimaður, Friðgeir Olgeirsson, kvaðst ekki hafa átt þátt í að marka staði þessa á uppdráttinn. Segist hann hafa séð togarann í sjónauka tveim mínútum eftir aðra athugun þeirra varðskipsmanna, kl. 1129.

Fyrir sakadómi skýrði ákærði svo frá, að um kl. 0900 föstudaginn 22. ágúst 1969 hafi varpa togarans festst í botni og rifnað, en þá hafi stýrimaður verið á verði. Varpan hafi verið tekin um borð í togarann til viðgerðar og skipið látið reka á meðan til kl. 1100, er ákærði kom á stjórnþall, en þá hafi togarinn verið 3 sm undan Máfadrang. Kveðst ákærði nú hafa siglt út og vörpunni verið kastað í suðvestur 4 sm undan Máfadrang. Hafi togarinn þá verið „á línunni“ og kastað „út fyrir línuna“, að hann telur kl. 1130 eða 1139, er þriðja staðarákvörðun varðskipsmanna var gerð, en ekki sé

þó loku fyrir það skotið, að togarinn hafi ef til vill verið í hæsta lagi 0.2 sm „fyrir innan línuna“, þar eð hann hafi ekki nákvæmlega mælt stað skipsins, en hann hafi við staðar-ákvarðanir eingöngu notast við radar. Síðan hafi verið siglt í austurátt, og kveðst ákærði hafa togað í um 15 mínútur í aust-suðaustur, þegar hann varð var við varðskipið, er gefið var stöðvunarmerki með eimpípu þess, en 2. stýrimaður varðskipins, Friðgeir Olgeirsson, kveður það ekki rétt, að togað hafi verið í aust-suðaustur, heldur hafi ákærði togað sem næst réttvísandi suður.

Ákærði kveðst svo hafa stöðvað skipið, er hann heyrði stöðvunarmerkið, og dregið inn vörpuna, en þá hafi togarinn samkvæmt radarmælingu verið 4.5 sm undan Lundadrang. Litlu síðar hafi svo varðskipsmenn komið um borð í togaran.

Ákærði segir það rétt, að hlerar togarans hafi verið úti á bakborðssiðu skipsins, en bakborðsvarpan hafi verið um borð í togaranum, enda hafi verið togað með stjórnborðsvörpu.

Þá getur ákærði þess, að þrátt fyrir það þótt fyrsta staðar-ákvörðun varðskipsmanna, kl. 1125, kunni að vera rétt, hafi hann ekki verið að toga þá, heldur hafi hann siglt „þvert út í átt að línu“.

Um aðra mælingu varðskipsmanna á stað togarans, kl. 1129, tekur ákærði fram, að hann telji togaran þá hafa verið kominn að 4 sm fiskveiðamörkunum, og fjórðu staðar-ákvörðun þeirra, kl. 1150, segir hann vera of nærri landi, en þá telur hann sig hafa verið að snúa skipinu í suðaustur og aust-suðaustur.

Kjartan Thoroddsen Ingimundarson, 1. stýrimaður togarans, Borgarholtsbraut 39, Kópavogi, bar vætti fyrir sakadómi og vann drengskaparheit aðframburði sínum. Árla morguns föstudaginn 22. ágúst 1969 kveðst hann hafa staðið vörð á stjórnþalli togarans. Vörpunni hafi verið kastað um kl. 0630 og hún verið dregin aftur um borð um kl. 0815, en þá hafi skipið verið um 9.4 sm frá Hjörleifshöfða og 4.9 sm frá Reynisdröngum. Vörpunni hafi þá verið kastað aftur í vestur, en hún festst í botni um kl. 0915 og undirbelgur hennar rifn-

að. Skipið hafi þá verið látið reka til kl. um 1100, er ákærði tók við stjórn þess, en ekki kveðst Kjartan vita, hver hraði skipsins var eftir það. Skipstjóri hafi siglt skipinu nokkra stund og vörpunni svo verið kastað aftur um kl. 1130.

Einnig komu fyrir sakadóm þrír aðrir skipverjar togarans, en af vætti þeirra verður ekkert ráðið um sakargiftir á hendur ákærða í máli þessu.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, framkvæmt athugun á mælingum varðskipsmanna 22. ágúst 1969 og markað á sjóuppdraetti staði varðskipsins og b/v Neptúnusar, RE 361, eftir þeim mælingum. Í álitsgerð skólastjórans, dagsettri 20. nóvember 1969, segir svo:

„Samkvæmt beiðni yðar, herra saksóknari ríkisins, hef ég sett út í meðfylgjandi sjókort nr. 32 staðarákvarðanir varðskipsins Óðins, eins og um getur í hæstaréttarmálinu: Ákæruvaldið gegn Jóhanni Sveinssyni, skipstjóra á b/v Neptúnusi, RE 361.

Á kortið hef ég dregið 4ra sjóm. fiskveiðimörkin fyrir það svæði, sem hér um ræðir, miðað við grunnlínupunkta samkv. reglugerð nr. 3/1961. Staðir varðskipsins eru auðkenndir með svörtum lit, en staðir togarans með rauðum lið. Í kortinu eru:

- A = staður varðskipsins kl. 1125 h. 22/8 '69. Þá mælist togarinn á stað a um 1.55 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.
- B = staður varðskipsins kl. 1129. Þá mælist togarinn á stað b um 1.0 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.
- C = staður varðskipsins kl. 1139. Þá mælist togarinn á stað c um 0.9 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.
- D = staður varðskipsins kl. 1150. Þá mælist togarinn á stað d um 0.15 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.
- E = staður baujunnar kl. 1315, sem lögð var út við togarann kl. 1203. Staður E mælist um 0.25 sjóm. utan fiskveiðimarkanna.

Meðalhraði togarans milli mælistaða, miðað við fjarlægðina milli þeirra, reiknast mér þannig: a—b um 9.0 sjóm., b—c um 0.6 sjóm., c—d um 4.6 sjóm. og d—E um 3.4 sjóm. Fyrir hraðann milli d og E er reiknað með tímabilinu frá

kl. 1150 til 1201, þegar sást, að togarinn var stöðvaður, sbr. skýrslu skipherra varðsksipsins.

Hraði togarans milli mælistaða **a** og **b** bendir til þess, að milli þeirra hafi hann verið á siglingu (ekki með vörpuna úti). Milli **b** og **c** virðist togarinn nærri ferðlaus. Gæti það bent til, að hann hafi verið að láta út vörpuna (kasta) á því tímabili. Þar sem vindur var austan og notuð var stjórnborðsvarpa, hefur togarinn þurft að snúa norður um, meðan varpan var látin út, svo að skipið ræki frá vörpunni. Skipstjóri togarans kveðst og hafa kastað kl. 1130, en staður **b** er mældur kl. 1129 og staður **c** kl. 1130. Fyrstu tvær staðsetningar varðsksipsins á togaranum (**a** og **b**) voru gerðar með fjarlægðum og miðunum, en tvær þær næstu með fjarlægðum og láréttum hornum (**c** og **d**). Hinn 23/8 voru gerðar í Reykjavík athuganir á fjarlægðarnákvæmni radars varðsksipsins, og reyndist hún innan við 1%. Hins vegar var miðunarnákvæmnin ekki athuguð, sem hefði þó verið eðlilegt að gera jafnframt. Miðunarskekkja hefði aðeins haft áhrif á staðsetningar **a** og **b**, en hefði þó ekki, ef gert er ráð fyrir, að hún hefði verið sú sama við báðar mælingarnar, haft áhrif á fjarlægðina milli **a** og **b**, sem bendir til, að hraði togarans milli þeirra staða hafi verið um 9.0 sjóm., eða siglingahraði, eins og fyrr segir. Að þessu athuguðu tel ég, að hin litla fjarlægð milli **b** og **c** geti stafað af því, að togarinn hafi verið að kasta á tímabilinu milli kl. 1129 og 1139.

Þá hef ég sett út í sama sjókort fjarlægð 3 sjóm. frá Máfaðrang, fjarlægðarákvörðun skipstjórans kl. 1100 (hringur merktur X), fjarlægð 4 sjóm. frá Máfaðrang, fjarlægðarákvörðun skipstjórans, þegar hann kastaði (hringur merktur Y), og fjarlægð 4.5 sjóm. frá Lundadrang, þegar hann halaði inn vörpuna (hringur merktur Z). Einnig hef ég sett út staðarákvörðun stýrimanns togarans kl. 0815, þegar hann kastaði og festi, staður T um 0.6 sjóm. utan fiskveiðimarkanna. Allar þessar útsetningar eru með grænum lit.

Í annað sjókort nr. 32a hef ég sett út staðarákvarðanir varðsksipsins, ef reiknað er með 2% fjarlægðarskekkju og 0.65° miðunarskekkju togaranum í hag. Er þar miðað við

Þá onákvæmni í fjarlægð og miðun, sem framleiðendur Sperry-radars varðskipsins viðurkenna. Staðir varðskipsins eru eins og áður auðkenndir með svörtum lit, en staðir togarans með rauðum lit.

Samkvæmt því mælast staðir togarans þannig:

a_1	Kl. 1125	um 1.3	sjóm. innan fiskveiðimarkanna,
b_1	— 1129	— 0.75	— — —
c_1	— 1139	— 0.9	— — —
d_1	— 1150	— 0.05	— — —

E = staður baujunnar um 0.25 sjóm. utan fiskveiðimarkanna“.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, og að öðru leyti með skirskotun til hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta héraðsdóminn, þó þannig, að greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til rikissjóðs, kr. 55.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 55.000.00.

Aðfinnsluvert er, hve höndum hefur verið kastað til við samningu hins áfrýjaða dóms. Áðurgreindir varðskipsmenn að skipherra undanskildum eru ekki nafngreindir og vætti þeirra ekki rakin, eftir því sem rannsókn málsins gaf efni til. Þá er framburður ákærða mjög lauslega rakinn og að engu getið framburðar 1. stýrimanns togarans, Kjartans Thoroddsens Ingimundarsonar.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Jóhann Sveinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til rikissjóðs, kr. 55.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Ásgeirs Tryggvasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 55.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 23. ágúst 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákærvaldsins hálfu höfðað með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins í dag, á hendur Jóhanni Sveinssyni, Mýrargötu 2, Hafnarfirði, „fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 um breytingu á þeim lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum togara laust fyrir og um hádegi föstudaginn 22. ágúst 1969 suður af Dyrhólaey á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurgreindrar reglugerðar, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar innan línu, sem dregin er 4 sml. utan við grunnlínu, sbr. 2. gr., D, 1, nefndra laga nr. 21/1969, sbr. að öðru leyti reglugerðir um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961 og 29/1964 og auglýsingu nr. 4/1961. Ákærast því nefndur Jóhann til að sæta refsingu samkv. 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 5. gr. og 7. gr. laga nr. 21/1969, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði, Jóhann Sveinsson, kveðst vera fæddur í Reykjavík 27. september 1921, en samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands 29. september 1921, og hefur samkvæmt upplýsingum fulltrúa saksóknara ríkisins ekki gerzt brotlegur við fiskveiðilöggjöf Íslands.

Í skýrslu Landhelgisgæzlunnar, undirritaðri af skipherra varðsupsins Óðins, dags. 22. ágúst 1969, segir á þessa leið:

„Föstudaginn 22. ágúst 1969 stóð varðskipið togarann NEP-TÚNUS, RE 361, að meintum ólöglegum veiðum undan Dyrhólaey. Skipstjóri Jóhann Sveinsson, fæddur 27. september 1921, til heimilis Mýrargötu 2, Hafnarfirði. Nánari atvik voru sem hér segir: Kl. 1125 sást skip í ratsjá varðsupsins, og var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Skip r/v 265°, fjarl. 10,9 sml.

Reynisfjall, fjarl. 7,2 sml.

Arnardrangur, fjarl. 3,0 sml. (skiph., I. stýrim.), sem gefur stað skipsins um 1,6 sml. innan 4 sml. fiskveiðimarkanna.

Kl. 1129 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Skip r/v, fjarl. 10,0 sml.

Reynisfjall, fjarl. 6,3 sml.

Arnardrangur, fjarl. 3,6 sml. (skiph., I. stýrim.),
sem gefur stað skipsins um 1,0 sml. innan 4 sml. fiskveiðimark-
anna.

Kl. 1131 sást togari halda út um.

Kl. 1132 var lausi hringurinn á ratsjánni borinn saman við
föstu hringina og reyndist réttur á 4,6 og 10 sml. Einnig var
stefnulína ratsjárinnar rétt.

Kl. 1139 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Skip—Dyrhólaey viti $< 35^{\circ} 45'$ (I., II. stýrim.).

Fjarlægð í skip 7,05 sml.

Reynisdrangar, fjarl. 3,75 sml.

Arnardrangar, fjarl. 6,05 sml. (skiph., III. stýrim.),

sem gefur stað skipsins um 0,9 sml. innan 4 sml. fiskveiðimark-
anna.

Kl. 1146 var gefið stöðvunarmerkið „K“ með ljósmorse (skiph.).
Á sama tíma var gefið stöðvunarmerkið „K“, flagg (III. stýrim.).

Kl. 1147 stöðugt „K“ með ljósmorse. Alltaf sást á bb. hlið tog-
arans.

Kl. 1150 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Skip—Dyrhólaey viti $< 75^{\circ} 57'$ (I., II. stýrim.).

Fjarlægð í skip 3,8 sml.

Lundadrangur, fjarl. 3,4 sml.

Reynisdrangar, fjarl. 3,0 sml. (skiph., III. stýrim.),

sem gefur stað skipsins um 0,1 sml. innan 4 sml. fiskveiðimark-
anna.

Kl. 1151 var gefið stöðvunarmerkið „K“ með ljósmorse (skiph.).

Kl. 1152 var gefið stöðvunarmerkið „K“ með flautu (sjálfvirk).
Á sama tíma sást, að togarinn beygir á austlæga stefnu.

Kl. 1156 sást, að togarinn var á suðaustlægri stefnu.

Kl. 1157 sást, að togarinn heitir NEPTUNUS, RE 361.

Kl. 1158 sáust hlerar úti á bb. síðu og menn á spilgrind (skiph.,
I. og II. stýrim.).

Kl. 1159 sjálfvirk „K“ á flautu stöðvað.

Kl. 1200 sást maður við stb. gálga svo og báðir vírar. Á sama
tíma sneri togarinn í stb. (skiph., I. og II. stýrim.).

Kl. 1201 sást, að togarinn var stöðvaður og að togvírar lágu
þvert út frá honum og að hlerar komu í gálga (skiph., I., II. og
III. stýrim.).

Kl. 1203 var bauja lögð út við togarann. Dýpi 107 metrar.

Kl. 1210 fóru II. og III. stýrimaður yfir í togarann. Á sama
tíma var slöttungspoki híður á dekk í togarann.

Kl. 1215 var skipstjóri togarans kominn um borð í varðskipið. Aðspurður kvaðst hann hafa kastað u. þ. b. 45 mínútum áður. Sagðist hann vita, að hann hefði verið eitthvað fyrir innan 4 sml. fiskveiðimörkin.

Kl. 1233 var lausi hringurinn á radsjónni borinn saman við þá föstu og reyndist réttur á 4, 6 og 8 sml. (skiph., I. stýrim.).

Kl. 1243 komu fyrirmæli frá Landhelgisgæzlunni um að fara með togarann til Vestmannaeyja til frekari rannsóknar í máli hans.

Kl. 1255 var farið með skipstjóranum um borð í togarann.

Kl. 1300 hélt togarinn áleiðis til Vestmannaeyja. Voru tveir hásetar frá varðskipinu um borð í honum.

Kl. um 1315 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við bauju varðskipisins:

Pétursey Δ	> 54° 37'	
Dyrhólaey viti	> 27° 43'	
Hjörleifshöfði Δ		(skiph. og I. stýrim.),

sem gefur stað baujunnar um 0,3 sml. utan 4 sml. fiskveiðimarkanna.

Kl. 1320 hélt varðskipið áleiðis til Vestmannaeyja. Mælingar voru gerðar af skipherra, I., II. og III. stýrim.

Veður: A kaldi, sjólítið, léttskýjað“.

Skipherra varðskipisins, Pröstur Sigtryggsson, mætti fyrir sakadómi Vestmannaeyja og kannaðist við undirskrift sína á skýrslunni og kvað hana rétta. Einnig mætti fyrsti, annar og þriðji stýrimaður varðskipisins, og kváðu þeir skýrsluna rétta.

Er ákærði kom fyrir sakadóm Vestmannaeyja, kvaðst hann hafa kastað á 4 sml línunni, en viðurkenndi jafnframt, að hann hefði ekki tekið nákvæma mælingu á stað skipsins og vildi ekki útiloka, að hann hefði verið allt að 0.2 sml innan 4 sml fiskveiðimarkanna. Vegna þessa framburðar ákærða og þess, að hann kvað staðsetningu varðskipisins á togaranum kl. 1125 geta verið rétta, og þar sem ákærði hefur ekki lagt fram mælingar, er hnekkja mælingum varðskipisins, verður að leggja mælingar varðskipisins til grundvallar í máli þessu.

Samkvæmt framburði ákærða kastaði hann trollinu kl. 1130 og var þá samkvæmt mælingum varðskipisins kl. 1129 staddur um 1.0 sml innan fiskveiðimarkanna. Verður því að líta svo á, að ákærði hafi kastað trollinu innan 4 sml fiskveiðimarkanna og hafi með því verið að ólöglegum togveiðum í umrætt sinn. Hefur ákærði því gerzt brotlegur við öll þau lagaákvæði, sem

tilgreind eru í ákæru, og unnið til refsingar samkvæmt þeim.

B/v Neptúnus, RE 361, er samkvæmt þjóðernis- og skráningar-skírteini togarans, dags. 22. ágúst 1949, 683.75 brúttórúmlastir.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 22. ágúst 1969, um gullgengi jafngilda 100 gullkrónur 3.992.93 seðlakrónum.

Samkvæmt þessu og með tilvísun til tilvitnaðra lagaákvæða þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 750 þúsund króna sekt, er honum ber að greiða í Landhelgisjórð Íslands innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 12 mánuði.

Allur afli og veiðarfæri um borð í b/v Neptúnusi, RE 361, eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgisjórð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Sveinsson, greiði kr. 750.000.00 í sekt til Landhelgisjórðs Íslands innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 12 mánuði.

Allur afli og veiðarfæri um borð í b/v Neptúnusi, RE 361, eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgisjórð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 2. febrúar 1970.

Nr. 96/1969. **Guðjón Sverrir Sigurðsson**

gegn

Borgarstjóranum í Reykjavík f. h.

Reykjavíkurborgar.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðjón Sverrir Sigurðsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
